



Reykjavík, 12. febrúar 2016

Kæri ASSITEJ meðlimur

## **Köllum eftir íslenskum sýningum og viðburðum á UNGA - Sviðslistahátíð ASSITEJ 2016**

Stjórn ASSITEJ á Íslandi er mikil ánægja að tilkynna að sviðslistahátíð samtakanna fer fram í fjórða sinn dagana 20. til 23. apríl næstkomandi í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Hátíðin hefur nú hlotið nýtt nafn: **UNGI** – Sviðslistahátíð ASSITEJ.

Hátíðinni hefur svo sannarlega verið vel tekið undanfarin ár og hefur gestafjöldi farið allt upp í 2500. Við hlökkum því svo sannarlega til að blása til hátíðar í fjórða sinn.

Tveir erlendir hópar hafa þegar staðfest komu sína á hátíðina og viðræður standa yfir við þann þriðja. Lítur því út fyrir að þáttaka erlendis frá verði með mesta móti í ár.

### **Íslenskar sýningar**

Hér með er kallað eftir íslenskum sýningum sýningum á UNGA 2016. Öll nýlega frumsýnd íslensk verk sem hæfa yngri áhorfendum (0-18 ára) eru tekin til greina.

#### **Umsóknarfrestur er til 1. Mars 2016.**

Valnefnd mun fara yfir allar umsóknir og tilkynna um val sitt fyrir miðjan mars.

ASSITEJ mun greiða sýningarlaun fyrir flytjendur verksins, bjóða upp á hentugt sýningarrými og grunn-tæknaðstoð.

### **Smærri viðburðir**

Auk hefðbundinna sviðsverka hefur sviðslistahátíð ASSITEJ boðið upp á smærri viðburði af ýmsu tagi á hátíðinni og bjóðum við félagmönnum okkar að senda einnig inn hugmyndir að slíkum viðburðum.

Viðburðir sem koma til greina eru m.a. sögustundir, vinnusmiðjur, leiklestrar, leikrænir gjörningar eða verk í vinnslu.

Til álita koma allir faglega unnir viðburðir sem eru ætlaðir börnum og ungmennum. Því miður getur ASSITEJ ekki greitt fyrir þessa viðburði en getum veitt aðstoð við að sækja um styrki.

## Með umsókn skal fylgja:

- Nafn leikhóps/listamanns og viðburðar.
- Upplýsingar um aðstandendur
- Lengd viðburðar / sýningar.
- Lýsing viðburðar / sýningar
- Myndband eða nákvæm lýsing (ef ekki er hægt að sjá viðburðinn/ sýninguna).
- Ljósmynd/ir í góðri upplausn.
- Stærð rýmis og tækniröfufur. Uppsetningar- og niðurtökutími ef á við.
- Fjöldatakmakanir áhorfenda/þátttakenda ef á við.

## Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 1. mars 2016.


Umsóknir sendist á netfangið: [assitej.iceland@gmail.com](mailto:assitej.iceland@gmail.com)

Fyrirspurnum svarar listrænn stjórnandi hátíðarinnar;

**Vigdís Jakobsdóttir** ([vigdisjak@gmail.com](mailto:vigdisjak@gmail.com))

Með hlýjum kveðjum og óskum um gott samstarf!

F.h. stjórnar ASSITEJ á Íslandi;



Vigdís Jakobsdóttir

Formaður

### Leiðarljós UNGA - Sviðslistahátíðar ASSITEJ er:

\* Að bjóða börnum, ungmennum og fjölskyldum upp á sviðslistahátíð árlega þar sem bornar eru á borð úrval innlendra og erlendra sýninga við þeirra hæfi.

\* Að styrkja starfsemi íslenskra sviðslistahópa og leikhúsa sem gera sýningar fyrir yngri áhorfendur með því að beina kastljósinu að því sem vel er gert á þessu sviði.

\* Að skapa tækifæri fyrir erlenda sviðslistahópa sem gera sýningar fyrir börn og ungt fólk til þess að sýna á Íslandi og skapa þannig faglegt samtal milli íslensks og erlends listafólks á sviði barnaleikhúss.

\* Að auka faglegan metnað og framboð á sviðslistum fyrir börn og ungt fólk.